


Fiskirannsóknir í Breiðdalsá 1990

Árni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun VMSTA-91005

Eintak bókasafns

VMST-A/91005



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES  
HVERFISGÖTU 116 - P.O.BOX 5252 - 125 REYKJAVÍK - ICELAND

## INNANGANGUR

Starfsmenn Veiðimálastofnunnar voru við rannsóknir á seiðabúskap í vatnakerfi Breiðdalsár dagana 22. til 23. ágúst 1990. Hliðstæðar rannsóknir hafa verið framkvæmdar í ánni a.m.k. fjórum sinnum áður af Veiðimálastofnun (Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson 1988, Árni Helgason 1982). Auk seiðarannsókna hefur hreistur verið lesið af fullorðnum laxi og hafa þær niðurstöður gefið upplýsingar um þann lax sem er að ganga upp ánni í hvert sinni, t.d. aldur í ferskvatni og sjó, hveða klakargangar eru að skila sér í veiði og hvort um eidis- eða náttúrulegann fisk er að ræða. Mjög mikilvægt er að hreisturtaka af veiddum laxi í ánni verði bætt svo að merktækar upplýsingar fáið um gönguna hverju sinni.

## Niðurstöður

### A. Seiðabúskapur

Rafveitt var á 10 stöðum í vatnakerfinu, samtals 1760 m<sup>2</sup>, og var farin ein rafveiði yfirferð á hverjum stað. Þar sem aðferðum rafveiði hefur verið lýst áður (Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson 1988) verður þeim ekki gerð frekari skil hér. Þær stöðvar sem rafveitt var á eru.

Stöð 1: Suðurdalsá o.v. Þorgrímsstaði, í grjótgarði, 100 m<sup>2</sup>.

Stöð 2: Suðurdalsá o.v. brú að suðurbyggð, í stórgrýttum varnargarði, 100m<sup>2</sup>.

Stöð 3: Fagradalsá v/Skjöldólfsstaði, 240 m<sup>2</sup>.

Stöð 4: Norðurdalsá v/Þorvaldsstaði, malarbotn, 200 m<sup>2</sup>.

Stöð 5: Norðurdalsá v/efri brú, 250 m<sup>2</sup>.

Stöð 6: Gilsá, malar-og grjótbotn, 250m<sup>2</sup>.

Stöð 7: Norðurdalsá milli Gilsár og Gilsárstekks, 120 m<sup>2</sup>.

Stöð 8: Tinnudalsá v/efri brú, klapperbotn grjót með bökkum, 150 m<sup>2</sup>.

Stöð 9: Tinnudalsá v/neðri brú, grófur botn með mose, 150 m<sup>2</sup>.

Stöð 10: Breiðdalsá, neðst í ánni, fínkornótt brot, 200 m<sup>2</sup>.

Alls veiddust 51 laxaseiði á 8 stöðvum í rafveiðinni (mynd 2) og var þéttleiki seiðanna mjög misjafn milli stöðva, en fjöldi og þéttleiki seiðanna eftir stöðvum er sýndur í töflu 1.

Tafla 1: Fjöldi laxaseiða á einstk. stöðvum eftir aldri  
(Þéttleiki/100 m<sup>2</sup>)

Aldur	Stöð										Samt.	
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10		
0+	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2
	2.0											0.1
1+	-	-	5	-	-	-	-	2	8	2	17	
			2.1					1.3	5.3	1.0	1.0	
2+	-	2	-	-	-	-	-	-	4	7	13	
		2.0							2.7	3.5	0.7	
3+	2	4	2	-	-	-	-	-	6	1	15	
	2.0	4.0	0.8						4.0	0.5	1.1	
4+	1	-	-	-	-	1	1	-	1	-	4	
	1.0					0.4	0.8		0.7		0.7	
Samt.	5	6	7	0	0	1	1	2	19	10	51	
Þéttl.	5.0	6.0	2.9	0	0	0.4	0.8	1.3	12.7	5.0	2.9	

Þessi mismunur milli stöðva er mjög eðlilegur og endurspeglar einungis ólík búsvæði í ánni, s.s. botngerð og straumlag, eins stafar þessi munur að einhverju leyti af því hversu aðgengileg svæðin eru m.t.t. að rafveiða á þeim. Ef tafla 1 er skoðuð sést að þéttleiki seiðanna er yfirleitt lítil og aldrei mikill, en heildar þéttleiki laxaseiða mældist 2.9 seiði/100m<sup>2</sup>. Fjöldi laxaseiða í góðri laxveiðiá eins og t.d. Elliðaá er 49 - 800 seiði/100m<sup>2</sup> (Þórólfur Antonsson 1983). Af einstökum stöðvum er þéttleikinn mestur neðst í Tinnudalsá (stöð 9) 12.7 seiði/100m<sup>2</sup> og finnast þar fjórir árgangar af seiðum. Botngerð og straumlag er mjög hentugt á þessu svæði í ánni og því framleiðir það töluvert af seiðum, þrátt fyrir það að áin sé fremur snauð af næringarefnum. Það sem helst vekur athygli m.t.t. annara stöðva er að vorgömul seiði (klak 1990) skuli eingöngu finnast efst í ánni, við Þorgrímsstaði (stöð 1). Líklegast skýringin á því að vorgömul seiði finnast ekki á svæðum neðar í ánni er að ekki hafi verið rafveitt á eða nálægt riðstöðum. Þessi seiði eru mjög staðbundin við riðstöðvarnar rétt eftir að þau koma uppúr mólinni og veiðast því ekki annarstaðar í ánni. Í ljósi þess að klak á sér stað í ágúst og fram í september í ánum hér á Austurland er mjög líklegt að þessi seiði hafi enn verið að mestu leyti bundin við riðstöðvarnar, annað hvort niðri mólinni sjálfri eða ofan við hryggningar staðinn, þegar rafveitt var í ánni.

Enginn einn árgangur sker sig verulega frá hinum í fjölda seiða. Mest veiðist af seiðum úr klaki 1989 sem kemur verulega á óvart þ.s. þessi árgangur hefur yfirleitt komið frekar illa út í mælingum (sjá t.d. Árni Jóhann Óðinsson 1991). Klakárgangar 1987 og 1988 mælast mjög áþekkir klakárgangi 1989, en þessir tveir árgangar koma til með að standa undir veiði næstu ár. 1986 klakárgangurinn er að mestu leiti kominn útúr veiði, þ.s. hluti hans er genginn til sjávar og þau seiði sem enn eru í ánni hafa fært sig á dýpra vatn og veiðast því illa. Að hluta til á þetta einnig við um

klakárgang 1987. Þessir tveir árgangar eru því að öllum líkindum vanmetnir borið saman við klakárganganna frá 1968 og 1969. Um klak sumarsins (1990) er lítið hægt að segja að svo stöddu, en aðeins veiddust seiði úr honum á einni stöð eins og áður sagði. Mjög erfitt er að meta magn vorgamalla seiða með rafveiðum og er ástæðan fyrir því eins og áður sagði hversu staðbundin seiðin eru í ánni, seiðin geta enn verið niðri mölinni og enn fremur getur verið erfitt að sjá þau sökum smæðar þeirra. Allar vangavelttur um styrkleika þessa árgangs verða því að bíða þess að seiðin verði stærri. Rétt er þó að geta þess að þessi árgangur hefur komið ágætlega út í mælingum í öðrum ám á Austurlandi.

Seiðamagn virðist vera með meira móti 1990. Ef þéttleiki seiða 1990 er borinn saman við niðurstöður fyrri mælinga sést að hann er heldur meiri en 1988 og 1982, en heldur minni en 1980. Meðalheildar þéttleiki 1980 var 5.7 seiði/100 m<sup>2</sup>. Þessi mikli þéttleiki 1980 stafar að hluta til af því að á þessum árum var mikið af sleppiseiðum sett í ána og gefa þessar tölur því ekki rétta mynd af framleiðslu Breiðdalsár á náttúrulegum seiðum, en 1990 veiddust eingöngu náttúruleg seiði.

Af öðrum tegundum veiddust einnig bleikju- og urriðaseiði (Tölur 2 og 3, myndir 2 og 3).

Tafla 2: Fjöldi bleikjuseiða á einstk. stöðvum eftir aldri  
(Þéttleiki/100 m<sup>2</sup>)

Aldur	Stöð										Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
0+	-	-	1	8	-	-	-	4	-	2	15
			0.4	4.0				2.7		1.0	0.9
1+	-	-	5	1	2	1	-	-	-	-	9
			2.1	0.5	0.8	0.4					0.5
2+	-	-	-	4	1	2	-	1	-	-	8
				2.0	0.4	0.8		0.7			0.5
3+	-	-	-	-	-	1	-	-	1	-	2
						0.4			0.7		0.1
Samt.	0	0	6	13	3	4	0	5	1	2	34
Þéttleiki			2.5	6.5	1.2	1.6		3.4	0.7	1.0	1.9

Tafla 3: Fjöldi urriðaseiða á einstk. stöðvum eftir aldri  
(Þéttleiki/100 m<sup>2</sup>)

Aldur	Stöð										Samt.
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
0+	-	-	-	-	2	-	-	-	-	-	2
					0.8						0.1
1+	-	6	-	-	-	-	1	-	-	-	7
		6.0					0.8				0.4
2+	-	4	-	-	-	-	1	-	-	-	5
		4.0					0.8				0.3
3+	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	1
							0.8				0.1
Samt.	0	10	0	0	2	0	3	0	0	0	15
Þéttleiki		10.0			0.8		2.5				0.9

Bleikja veiddist á 7 af þeim 10 stöðvum er rafveitt var á en urriði aðeins á þremur. Fjórir árgangar bleikju koma fram í rafveiðinni og ber mest á vörgömlum seiðum (Tafla 2), þ.e. seiði úr klaki 1990. Bleikjuseiði klekjast mun fyrr en laxaseiði og veiðast því strax á fyrsta ári með rafveiði. Klakárgangarnir frá 1988 og 1989 mælast mjög svipaðir að stærð, en aðeins veiddist eitt seiði frá 1987. Þessi árgangur er að mestu kominn útúr veiði en eldri en tveggja ára bleikju seiði veiðst sjaldan með rafveiði þ.s. þau hafa flutt sig á önnur svæði í ánni en rafveitt er á. Fjöldi bleikju seiða virðist vera mjög svipaður og fyrri mælingar hafa sýnt og er það sama hægt að segja um urriðan en hann veiðist alltaf í fremur litlu magni og á fáum stöðum í ánni.

Niðurstöður mælinga á seiðabúskap í Breiðdalsá benda til þess að seiðamagn sé eins mikið og vænta má í ánni og því verður seiðabúskapurinn að teljast í góðu lagi.

#### B. Laxagangan 1990

Allar tölur um fjölda, þyngdir og hlutföll eru teknar uppúr skýrslum Guðna Guðbergssonar um laxveiðina 1987-1990 (Guðni Guðbergsson 1991, 1990, 1989, 1988). Laxveiðin í Breiðdalsá var með minna mótí 1990, en alls veiddust 91 laxar og hefur laxveiðin farið minnkandi ár frá ári síðan 1987 (Tafla 4), en þá veiddust 257 laxar sem er það næst mesta sem veiðst hefur í ánni á einu ári.

**Tafla 4. Fjöldi, meðalþyngd og hlutfall smá-/stórlax stangveiddra laxa 1987-1990, ásamt fjölda urriða og bleikja í veiði**

Ár	Fjöldi	Meðalþyngd (p)	Hlutfall		
			smá-/stórlax	Urriði	Bleikja
1987	257	5.6	7.0:1	197	453
1988	185	6.8	2.8:1	31	74
1989	104	6.6	2.2:1	15	71
1990	91	5.3	6.0:1	148	600

Þetta er það sama og hefur verið að gerast í öðrum ám á NA- og Austurlandi síðustu fjögur ár og er líklegast að lélegt árferði til sjávar sé höfuðorsökin fyrir þessari minnkandi veiði. En sjávarskilyrði virðast vera yfirgnæfandi áhrifavaldur á laxveiði í ám (Sigurður Guðjónsson 1988) bæði hvað varðar afdrif seiðanna eftir að þau eru gengin til sjávar og eins óbeint með áhrifum á veðurfar í landi. Gott vor í ár ætti því að gefa tilefni til bjartisýni með smálaxagengd á næsta ári, þ.e. 1992.

Hreistursýni bærust aðeins af 9 lögum sem er alltof lítið til þess að gefa einhverja mynd af heildargöngunni í ánni. Bæta verður úr þessu sem fyrst þannig að upplýsingar fáiast um þann lax sem er að ganga uppí ánni. Taka verður hreistur allt veiðitímabilið og af sem flestum fiskum. Niðurstöður lesturs á því hreistri sem bærust Veiðimálastofnun eru sýndar í töflu 5.

**Tafla 5. Niðurstöður lesturs á hreistri af stangveiddum laxi**

Dagsetn.	Veiðst.	Lengd(sm)	þyngd(g)	Kyn	Aldur*
22.08	Möggusteinn	62	4.5	Hæ	3.1
22.08	Ármót Tinnu	64	5.0	Hæ	Kví
25.08	Bryggjuhylur	59	4.5	Hæ	Hafbeit
25.08	Ármótahylur	92	11.0	Hæ	4.2
12.09	Bryggjustr.	73	8.0	Hr	Hafbeit
12.09	Móhylsetr.	58	4.0	Hæ	4.1
13.09	Móhylur	57	4.0	Hæ	3.1
14.09	Bryggjuhylur	58	4.0	Hr	3.1
14.09	Bryggjustr.	48	3.0	Hr	Hafbeit

\* Aldur= Ár í ferskvatni. Ár í sjó, t.d. 3.1 = 3 ár í ferskvatni 1 í sjó.

Það sem helst vekur athygli þegar niðurstöður hreisturlesturs eru athugaðar er hversu hátt hlutfall laxa veiðist sem ættaðir eru úr eldi. Þetta háa hlutfall verður þó að taka með þeim fyrirvara sem nefndur var hér að framan um fjölda sýna. Þessir laxar geta annars vegar verið úr hafbeit og í því sambandi er rétt að hafa í huga mikla aukningu í eldi síðustu ár hér á Austurlandi. Hinn möguleikinn er að seiðin séu úr seiðasleppingum í ána, en eina leiðin til þess að greina þarna á milli með einhverri vissu, er með því að merkja þau seiði sem sleppt er í ána.

Að lokum er rétt að ítreka að skráning veiðinnar verði bætt, bæði á laxi og silungi.

### C. Fiskirækt

Sleppingar á laxaseiðum hafa nú verið stundaðar í Breiðdalsá í a.m.k. 25 ár og hefur ýmist verið um sleppingar á gönguseiðum eða sumaröldum-seiðum að ræða. Engin göng eru til um endurheimtur úr þessum sleppingum en fullvíst má telja að þær séu lélegar. Margir þættir hafa áhrif á það hvernig árangur næst með seiðasleppingum og má þar t.d. nefna gæði seiðanna og sleppiaðferðir. Með sleppingar á sumaröldum seiðum er nauðsynlegt að sleppt sé á svæði sem hafi burði til þess að fóstura seiðin og enn fremur ef sleppt er á svæði þar sem lax er til staðar er mikilvægt að þau lendi ekki í samkeppni við þau náttúruleguseiði sem þar eru. Þannig verður að veiða réttar stærðir af seiðum til sleppingar. Sleppitjarnir hafa gefið betri raun við gönguseiðasleppingar en að setja seiðin beint í ána. Ef seiðin eru látin í sérstakar tjarnir sem eru áfastar ánni geta þau sjálf ráðið því hvenær þau ganga til sjávar og þannig er betur tryggt að þau séu lífeðlisfræðilega tilbúin til þess en þegar þeim er dreift um alla á.

Þetta eru allt mikilvægir þættir sem menn verða að gera sér grein fyrir áður en gripið er til seiðasleppinga. Gönguseiðagildra hefur verið starfrækt í Vesturdalsá í Vopnafirði síðan 1989 (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1991) og hefur það gert mönnum kleift að meta endurheimtur á þeim seiðum sem ganga til sjávar. Heildarendurheimta laxaseiða sem gangu til sjávar 1989 var nálægt 2.2%, á sama tíma var hún 8.1% í Elliðaá (Þórólfur Antonsson 1990). Búast má við að endurheimtu-prósantan í Breiðdalsá sé líkari því sem gerist í Vesturdalsá en í Elliðaá. Í

Ijósi þessa og þess að endurheimtur á sjógönguseiðum hefur í gegnum tíðina verið fremur léleg er lagt til að hætt verði öllum sleppingum í Breiðdalsá næstu árin en þess í stað verði unnið að bætum á ánni sjálfri og þannig stuðlað að betri og meiri laxveiði í Breiðdalsá.


Tillögur að endurbætum í ánni eru sýndar á myndum 4-6. Allar myndirnar eru teiknaðar af Scott Wenger (Scott Wenger 1989) og er að mestu leyti stuðst við texta hans við þær, en sumstaðar hefur texta þó verið breytt lítillega. Þau svæði sem helst þarf að bæta í ánni eru í Breiðdalsá neðan brúar og Suðurdalsá ofan Beljanda, en á þessu svæði er áin mjög einsleit m.t.t. botngerðar og straumlags. Endurbæturnar miðast að því að auka á breytileika árinna og um leið bæta skilyrði fyrir laxinn og veiðimenn. Ekki er talið nauðsynlegt að átt sé við Norðurdalsá. Markmið þessara endurbætna er tvíþætt. Í fyrsta lagi að búa til og bæta umhverfi fyrir seiði í ánni og þar með auka framleiðslu árinna á seiðum. Þessar framkvæmdir felast fyrst og fremst í því að auka skjól fyrir seiðin í ánni (Myndir 4 og 5). Í öðru lagi að bæta skilyrði fyrir fullorðinn lax og um leið búa til veiðistaði fyrir veiðimenn. Þessar framkvæmdir fela fyrst og fremst í sér myndun dýpri svæða í ánni (Myndir 5 og 6).

Ekki verður farið nánar í að útlísta framkvæmdir við endurbætur á ánni en vísað til teikninga þar að lútandi (myndir 4-6). Mælt er til að endurbætur verði bundnar við ákveðin svæði í fyrstu og þannig fengin reynsla sem hjálpi mönnum til frekari uppbyggingu í ánni. Veiðimálastofnun er bæði ljúft og skilt að veita alla þá aðstoð sem hún getur veitt. Að lokum er minnt á að hægt er að sækja um styrk til fiskræktarsjóð til að kosta þessar framkvæmdir.

### Heimildir


- Árni Helgason. 1982. Rannsóknir á laxaseiðum í Breiðdalsá og þverám 1982. Veiðimálastofnun, VAUST/8205, 8 bls.
- Árni Jóhann Óðinsson. 1991. Laxerannsóknir í Selá í Vopnafirði 1990. Veiðimálastofnun. VMSTA-91004.
- Guðni Guðbergsson. 1991. Laxveiðin 1990. VMST-R/91017.
- Guðni Guðbergsson. 1990. Laxveiðin 1989. VMST-R/90016.
- Guðni Guðbergsson. 1989. Laxveiðin 1988. VMST-R/89019.
- Guðni Guðbergsson. 1986. Laxveiðin 1987. Veiðimálastofnun. VMST-R/88026, 14 bls.
- Ólafur Einarsson og Árni Jóhann Óðinsson. 1989. Seiðerannsóknir í vatnakerfi Breiðdalsár 1988. Veiðimálastofnun VMST/R-89009.
- Scott D. Wenger. 1989. Observations and recommendations for salmon habitat enhancements in selected Icelandic rivers.
- Sigurður Guðjónsson. 1988. Vesturdalsá í Vopnafirði. Fiskirannsóknir 1987 auk yfirlits um fyrri rannsóknir. Veiðimálastofnun. VMSTR/88030.
- Pórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson. 1991. Vesturdalsá í Vopnafirði. Gönguveiði, endurheimtur og þóttleiki sméseiða. Veiðimálastofnun VMST-R/91012.
- Pórólfur Antonsson. 1990. Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaána 1989. VMST-R/90012.
- Pórólfur Antonsson. 1983. Vöxtur, fæða og fæðuframboð laxa- og urriðaseiða í Leirvogsa 1981. Háskóli Íslands, líffræðiskor, 18 eininga prófritgerð framhaldsnáms, 54 bls.





Mynd 1: Vatnakerfi Breiðdalsár.

MYND 2: FJÖLDI OG LENGDARDREIFINGSEIÐA EFTIR STÖÐVUM ( ).



LAX  
(1)

URRIÐI  
(2)

LAX  
(2)

BLEIKJA  
(3)

LAX  
(3)

BLEIKJA  
(4)

BLEIKJA  
(5)

URRIÐI  
(5)

BLEIKJA  
(6)


LAX  
(6)

URRIÐI  
(7)


LAX  
(7)

BLEIKJA  
(8)


LAX  
(8)





BLEIK (9)  
LAX (9)



BLEIK (10)  
LAX (10)



ALLAR STÖÐVAR




MYND3: FJÖLDI OG LENGDARDREIFING SEIÐA EFTIR STÖÐVUM

# BOULDER PLACEMENT FOR JUVENILE SALMON HABITAT

Figure 11.

3

STADSETJID STÖRGRÝTI  
 ÞAR SEM ÞAD MLIN EKKI  
 FÆRAST LIR STAD NE  
 SAFNA SETI AÐ SER.



ÞAR SEM ÁIN  
 BREIÐKAR, MINNKAR  
 STRAUMUR OG SET  
 SEST Á BÖTNINN.

SETJID GRJÖT ÞAR SEM STRAUMUR ER MESTUR Á SVÆÐUM  
 ÞAR SEM ÁIN ER BREIÐUST.


ÞETTA GRJÖT ER NAUDSYNLEGT AÐ LOSA UM Á HVERJUL  
 VORI TIL AÐ LOSA SET SEM SEST Á MILLI GRJÖTSINS.

BÆTIÐ VÍÐ GRJÖTI EFTIR ÞÖRFUM.

# BOULDER SPUR DIKES AND BANK LINING

- MARKMIÐ: - BLÍA TIL HYLJI  
- BREYTA STRAUM STEFNU  
- STYRKJA ÓSTÖDLIGA BAKKA.

BOULDER SPUR  
DIKES




- UPPHAFLEGLIK ÁRFARVEGLUR:
- GRUNNUR
  - SAMI STRAUMUR ALLSÞADAR.

- BREYTTUR (MÖRRI) FARVEGLUR
- DJÚPLUK Í MIÐJUL
  - STRÝÐARI STRAUMUR

HNULLUNGAR  
ER VEITA  
SKJÓL

MÖL SAFNAST  
FYRIR HÉR

BOULDER CHANNEL  
LINING




GRAFID NIÐUR  
BRATTA BAKKA

SETJID GRJOT, BAKKI EKKI  
MEIRI EN 45°


- STRÝÐARI STRAUMUR  
OG  
DÝPRI  
ALL MEÐ  
GRJÖT-  
GARÐI
- STADSETJID  
STÖRGRÝTI  
MEÐFRAM  
BAKKANUM TIL  
AÐ MYNDA  
MISLEITT STRAUM-  
LAG

STRAUMBRJÖTAR OG BAKKAVARNIR:

GOTT AÐ NOTA P. S. AIN ER BREIÐ OG BAKKAR ÖSTÖÐUGIR. VER BAKKA GEGN ROFI, HYLUR MYNDAST OG SEIÐI GETA NOTAD GRJÖTIÐ FYRIR SKJÖL.



STRAUMBRJÖTAR SETTIR ÚTFRA BAKKANUM OG LÁTNIÐ VISA AÐEINS UNÐAN STRAUMI. STÖRGRÝTI SETT MILLI STRAUMBRJÖTANNA TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ROF MILLI ÞEIRRA



BEST ER AÐ GETA BÆÐI STURTAD OG RAÐAD STEINUNUM Á ÞÁ STAÐI SEM ÞEIR EIGA AÐ VERA Á. EF STÖRGRÝTI EREKKI TIL STAÐAR ER HÆGT AÐ NOTA MÖL SEM SETT ER Í ÞOKA Í STAÐIN.

